

AÐALFUNDUR NÝHERJA HF.

FÖSTUDAGINN 3. MARS 2017 KL. 16.00
Í RÁÐSTEFNUSAL FÉLAGSINS AÐ BORGARTÚNI 37

Dagskrá fundarins

1. Skýrsla stjórnar um starfsemi þess síðastliðð starfsár.
2. Staðfesting ársreiknings og tekin ákvörðun um hvernig fara skuli með hagnað félagsins á reikningsárinu.
3. Tekin ákvörðun um þóknun til stjórnarmanna.
4. Tillögur stjórnar um starfskjarastefnu.
5. Tillögur stjórnar að breytingum á samþykktum félagsins og aðrar breytingartillögur, ef einhverjar verða.

Stjórn leggur til við aðalfund að eftirfarandi breytingar verði gerðar á samþykktum félagsins:

- a. Heimild verði veitt til stjórnar um hækkun á hlutfé félagsins um kr. 150.000.000 að nafnverði og gildi heimildin í fimm ár frá samþykki hennar (grein 15.1).
 - b. Nýrri grein 5.5 um kynjahlutföll stjórnar verði bætt við.
 - c. Grein 4.2 (um rétt til setu á hluthafafundum) verði aðlöguð að 1. mgr. 81. gr. hlutfélagalaga.
 - d. Tilvísun í grein 4.12 (um aðalfund) til greina 4.16 og 4.17 verði til greina 4.14 og 4.15.
 - e. Grein 4.13 (um dagskrá aðalfundar) verði aðlöguð að 4. mgr. 88. gr. hlutfélagalaga.
 - f. Grein 4.16 (um tillögur frá hluthöfum) verði aðlöguð að 1. mgr. 86. gr. hlutfélagalaga.
 - g. Grein 6.3 (um rétt hluthafa til að krefjast hlutfalls- eða margfeldiskosningar) verði leiðrétt m.t.t. orðalags.
6. Kosning stjórnar félagsins sbr. grein 5.1. í samþykktum félagsins.
 7. Kosning endurskoðanda sbr. grein 10.1. í samþykktum félagsins.
 8. Tillögur frá hluthöfum sem ber að taka á dagskrá samkvæmt grein 4.16 sbr. 4. mgr. 88. gr. hlutfélagalaga.
 9. Tillaga stjórnar um heimild félagsins til kaupa á eigin hlutum sbr. 55. gr. hlutfélagalaga.
 10. Tillaga stjórnar um aðgreiðslustefnu.
 11. Önnur mál.

Réttur hluthafa til að fá mál sett á dagskrá hluthafafundar og kosning

Hver hluthafi á rétt á því að fá ákveðin mál tekin til meðferðar á hluthafafundi ef hann gerir um það skriflega eða rafræna kröfu til félagsstjórnar með nægilegum fyrirvara til að unnt sé að taka mál til meðferðar á fundinum. Þannig skulu óskir hluthafa liggja fyrir eigi síðar en 10 dögum fyrir fundinn, þ.e. fyrir kl. 16.00 þriðjudaginn 21. febrúar 2017. Nánari upplýsingar um þátttöku og atkvæðagreiðslu er að finna á heimasíðu félagsins.

Á hluthafafundum fylgir eitt atkvæði hverri einni krónu í hlutfé. Eigin bréf félagsins njóta ekki atkvæðisréttar. Atkvæðaseðlar og fundargögn verða afhent á fundarstað.

Hluthafar sem ekki eiga kost á að sækja fundinn geta veitt öðrum skriflegt umboð eða greitt atkvæði skriflega. Þeim hluthöfum sem hyggjast nýta sér annan hvorn þessara kosta er bent á að kynna sér á heimasíðu félagsins hvernig þeir skuli bera sig að. Þar er að finna leiðbeiningar um skráningu og form skjala og hvernig þeim skuli skilað til félagsins.

Aðrar upplýsingar

Endanleg dagskrá svo og öll skjöl sem lögð verða fyrir aðalfundinn, þ.m.t. ársreikningur félagsins og allar tillögur, verða hluthöfum tiltæk á heimasíðu félagsins og munu jafnframt liggja frammi á skrifstofu félagsins. Hluthöfum er bent á að skv. 63. gr. a. hlutfélagalaga skal tilkynna skriflega, minnst fimm dögum fyrir hluthafafund, um framboð til stjórnar. Tilkynnt verður um framboð til stjórnar á heimasíðu félagsins eigi síðar en tveimur dögum fyrir aðalfundinn.

Reykjavík, 10. febrúar 2017,
stjórn Nýherja hf.